

**Titill:** Sálfræði og kvikmyndir

**Skammstöfun:** SÁLF3CK05

**Námsgrein:** Sálfræði

**Viðfangsefni:** Sálfræði og kvikmyndir

**Prep:** 3

**Einingafjöldi:** 5

**Forkröfur:** 10 einingar í sálfræði á 2. þrepi

### **Lýsing:**

Sálfræðileg viðfangsefni og fjölbreytileg fræðileg hugtök eru kynnt í gegnum kvikmyndir. Fjölmargar kvikmyndir eru til sem byggja að meira eða minna leyti á sálfræðilegri þekkingu og/eða taka sérstaklega á tilteknum sálfræðilegum viðfangsefnum.

Rýnt verður í valið úrtak kvikmynda og nemendur vinna verkefni um þær með tilliti til sálfræðilegrar þekkingar. Dæmi um möguleg viðfangsefni eru ýmsar geðraskanir, sálfræðileg meðferð, hugrænir þættir, þroski og þroskafrávik, félagsmótun og félagsleg áhrif, áhrif hópa, kynhlutverk, staðalmyndir og fordómar, viðhorf, hlýðni.

### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- nokkrum kvikmyndum sem taka á sálfræðilegum málefnum á vandaðan hátt
- nokkrum ólíkum sviðum sálfræðinnar. Markmiðið er að nemendur auki við og dýpi þekkingu sína á völdum þáttum úr t.d. hugrænni sálfræði, þroskasálfræði, geðsálfræði og félagslegri sálfræði.
- nokkrum grunnþáttum kvikmyndalistarinnar, t.d. handritum, hlutverkum og leikstíl
- nokkrum grunnatriðum í því hvernig nýta má tækni kvikmyndanna til að hafa áhrif á líðan og tilfinningar áhorfandans, t.d. hvað varðar litanotkun, mynduppbyggingu, tækur og klippingu, tónlist og notkun tákna.

### **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina ýmsa sálfræðilega þætti sem birtast í kvikmyndum
- skoða eigin hegðun og annarra út frá ólíkum sjónarhornum sálfræðinnar
- skrifa eigin hugleiðingar um margvísleg sálfræðileg efni
- tjá kunnáttu sína bæði í ræðu og riti

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina og bera saman ólíkar kvikmyndir
- greina á milli vandaðrar og óvandaðrar umfjöllunar um ýmis sálfræðileg viðfangsefni í kvikmyndum
- vege og meta það sem er rétt og rangt um sálfræðileg viðfangsefni í kvikmyndum
- taka virkan þátt í umræðum um margvísleg sálfræðileg viðfangsefni
- vinna sjálfstætt en einnig vinna vel með öðrum
- vinna úr hugmyndum sínum á sjálfstæðan og skapandi hátt
- taka afstöðu og tjá sig um það í ræðu og riti
- búa til stuttmynd þar sem áherslan er á sálfræðilega upplifun áhorfandans
- ígrunda og meta eigið nám og vinnuframlag
- ígrunda og meta verk samnemenda sinna
- taka gagnrýni með jákvæðum og opnum huga

## Námsmat:

Símatsáfangi. Engin próf eru í áfanganum en námsmat byggt á fjölbreyttri verkefnavinnu yfir alla önnina.